

## FUNDARGERÐ

Fundargerð aðalfundar Stefnis hf 21. mars 2011 í húsakynnum Arion banka hf. að Borgartúni 19, Reykjavík.

Fundur settur kl 15.30.

### I. Setning fundar og kjör fundarstjóra

Hrund Rudolfsdóttir (HR), stjórnarformaður, setti hluthafafundinn.

Hrund bauð hluthafa og gesti velkomna á aðalfund Stefnis hf. Hún lagði til að Harald Gunnar Halldórsson yrði kjörinn fundarstjóri. Engar athugasemdir voru gerðar og HGH kjörinn fundarstjóri.

### II. Kjör fundarritara og fundur lýstur lögmætur

Harald tók við stjórn fundarins. Hann gerði þá tillögu að Kristbjörg M. Kristinsdóttir yrði kjörin fundarritari og var það samþykkt.

Harald tók fram að mætt væri af hálfu beggja hluthafa félagsins á fundinn. Til fundarins væri boðað með tilkynningu til hluthafa félagsins í samræmi við 88. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 7. gr. samþykktu félagsins. Fundurinn væri því lögmætur hluthafafundur.

Gengið var til dagskrár fundarins.

### III. Dagskrá fundarins

#### 1. Skýrsla stjórnar

Hrund fór yfir skýrslu stjórnar fyrir síðastliðið ár. HR fór yfir afkomu, innri mál og framtíðarhorfur.

#### 2. Staðfesting ársreiknings

Flóki Halldórsson, framkvæmdastjóri félagsins, gerði grein fyrir ársreikningi félagsins fyrir liðið starfsár. Ársreikningarnir voru staðfestir.

#### 3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar

Harald tók til máls um lið 3 en gerð var tillaga um 500 milljón króna arðgreiðslu.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

#### 4. Breytingar á samþykktum

- a. Lagt er til að 2. mgr. 11. gr. samþykka félagsins hljóði svo:  
Um hæfi stjórnarmanna fer að lögum.
- b. Lagt er til að 1. mgr. 15. gr. hljóði svo:  
Framkvæmdastjóri skal vera búsettur hér á landi. Um hæfi framkvæmdastjóra fer að lögum.
- c. Lagt er til að 16. gr. hljóði svo:  
Reikningsár félagsins er almanaksárið. Ársreikningurinn skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi. Endurskoðandi skal kjörinn á aðalfundi félagsins. Um kjörtímabil endurskoðanda fer að lögum.

Fundarstjóri lagði til að tillögurnar yrðu bornar upp til atkvæða saman og gerði engin athugasemd við það.

Tillögur í a.-c. lið voru samþykktar.

#### 5. Kosning stjórnar félagsins

Eftirfarandi einstaklingar hafa boðið sig fram til setu í aðalstjórn félagsins:

Eggert Teitsson, kt. 190470-5129

Hrund Rudolfsdóttir, kt. 250369-2989

Snjólfrur Ólafsson, kt. 200454-5299

Svava Bjarnadóttir, kt. 261064-3329

Hermann Jónasson, kt. 310869-4229

Eftirfarandi einstaklingar hafa boðið sig fram til setu í varastjórn félagsins:

Ásgerður Hrönn Sveinsdóttir, kt. 230568-5379

Gunnar Ingi Jóhannsson, kt. 240179-3349

Kristbjörg Edda Jóhannsdóttir, kt. 050173-3219

Pórhallur Örn Guðlaugsson, kt. 100962-3659

Hörður Kvaran, kt. 251170-5419

Framboð ofangreindra aðila til setu í aðal- og varastjórn félagsins voru samþykkt.

## 6. Kosning endurskoðenda félagsins

Gerð var tillaga um að endurskoðandi félagsins yrði Ernst & Young. Tillagan var samþykkt.

## 7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins

Starfskjarastefna, sem var samþykkt á fundi stjórnar félagsins þann 16. mars 2011, var lögð fram og samþykkt.

## 8. Ákvörðun um þóknun stjórnar

Ákveðið var að almennir stjórnarmenn, aðrir en starfsmenn Arion banka hf., fái greiddar 150 þús.kr. á mánuði fyrir störf sín og að stjórnarformaður fái greiddar 300 þús.kr. á mánuði. Varastjórnarmenn fái greiddar 50 þús.kr. fyrir hvern setinn fund í forföllum aðalmanns.

## 9. Önnur mál löglega borin fram

Fundarstjóri gaf orðið laust, en fleira var ekki rætt á fundinum.


Fundarstjóri óskaði því næst eftir heimild til þess að hann og fundarritari myndu klára fundargerðina og að hún myndi liggja fram á starfsstöð félagsins innan tveggja vikna frá aðalfundinum. Engar athugasemdir voru gerðar við þetta.

Aðalfundi Stefnis hf. árið 2011 var slitið kl 16.00

Reykjavík, 21. mars 2011

  
Harald Gunnar Halldórsson

fundarstjóri

  
Kristbjörg M. Kristinsdóttir

fundarritari